

From: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
To: [Valdimar Ingi Gunnarsson](#)
Subject: Drög að frumvarpi um lagareldi
Date: Thursday, January 25, 2024 9:08:28 AM
Attachments: [Fylgiskjal 1. Frumvarp um lagareldi - Umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar.pdf](#)

Ágætu félagar

Meðfylgjandi er umsögn Sjávarútvegsþjónustunnar við drög að frumvarpi um lagareldi. Aðrar umsagnir má finna á [samráðsgáttinni](#).

Jákvætt og neikvætt

Það er margt gott og jákvætt í frumvarp um lagareldi en annað þyrfti að útfæra betur. Það sem vekur sérstaka athygli:

- **Flókið:** Hve flókin útfærslan er og í því sambandi er m.a. bent á laxahluti (kaflí VII), strok (VIII) og forsendubrest (64 gr.).
- **Óréttlátt:** Refsing með skerðingu leyfa/heimilda bitna einnig á starfsmönnum, þjónustuaðilum og nærsamfélaginu, s.s. vegna forsendubrests (64 gr.).
- **Ekki dómtækt:** Að refsíákvæði í sumum greinum frumvarpsins munu vart vera dómtæk ef málið fer fyrir íslenska dómstóla, s.s. ákveðnar greinar um strok (kaflí VIII) og afföll (kaflí IX).
- **Óvissa:** Oft er töluverð óvissa vegna fyrirhugaðra setningu reglugerða s.s. áhættumat erfðablöndunar (6 gr.), afmörkun smitvarnasvæða (11 gr.) og punktakerfi (58 gr.).
- **Færa til eignar:** Að vera með ótímabundin rekstrarleyfi (33 gr.), heimild til verðsetningar (120 gr.) og heimild til leigu laxahluta (kaflí VII kaflí) færir auðlindina íslenskir firðir nær því að teljast til eignar sem þá er í meirihlutaeigu erlendra fjárfesta.

Umsögn SFS

Umsögn Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) er mjög ítarleg með margvíslegum athugasemdum og ábendingum. Samtökin leggja gegn því að frumvarpið verði lagt til þinglegrar meðferðar að óbreyttri mynd:

„... Áður en þetta frumvarp getur orðið að lögum er því nauðsynlegt að gerðar verði á því nokkrar umfangsmiklar og mikilvægar lagfæringar, bæði að því er varðar efnis- og formreglur. Þær lagfæringar, sem samtökin leggja til, eru það margvíslegar að tæpast er raunhæft að þær verði gerðar við þinglega meðferð frumvarpsins. Samtökin leggja því gegn því að frumvarpið verði lagt til þinglegrar meðferðar í núverandi mynd ...“

Umsögn LV

Landsamband veiðifélaga (LV) kom með margar réttmætar athugasemdir þá helst er varða umhverfismál laxeldis. Áhugavert er einnig umsögn þeirra er tengist álítaefnum tengd eignarrétti:

„Þrátt fyrir að fram komi í 24. og 38. gr. frumvarpsins að úthlutun smitvarnarsvæða og laxahlutar myndi ekki eignarrétt eru önnur ákvæði frumvarpsins til þess fallin að gefa sjókvíaeldisfyrirtækjunum réttmætar væntingar um að úthlutuð réttindi teljist einhvers konar eign. Einkum er um að ræða ákvæði um heimildir til framsals, framleigu og veðsetningar á laxahlut“.

Skynsamlegt að vinna málið betur

Það eru margir ósáttir við frumvarp um lagareldi og margar réttmætar athugasemdir og ábendingar. Ef vanda á til verka er mjög hæpið að það náist að vinna frumvarp um lagareldi nægilega vel til að klára á þessu vörþingi. Skynsamlegt er að hafa í huga hvernig til tókst með setningu laga um fiskeldi á árinu 2019 þar sem ákveðnar greinar hafa ekki verið inleiddar, s.s. er varðar [reglugerð nr. 588/2020 um útboð eldissvæða](#).

Um

Undirritaður hefur unnið við fiskeldi í rúm 30 ár og m.a. komið að fjölmörgum verkefnum fyrir stjórnvöld er tengjast fiskeldi, s.s. skrifum á lögum og reglugerðum. Gagnrýnd hefur verið sú spilling sem átti sér stað við undirbúning og gerð laga um fiskeldi á tímabilinu 2017-2019. Í byrjun ársins 2022 hóf undirritaður formlega vinnu við Samfélagsverkefni gegn spillingu í hálfu starfi og þið verðið reglulega upplýst um framganginn.

Yfirlit um málið er að finna á [lagareldi.is](#)

Best er að finna allar skýrslur og greinar er tengjast málinu á [sjavarutvegur.is](#)

Með kveðju/ Regards

Valdimar Ingi Gunnarsson

Samfélagsverkefni gegn spillingu

Sjávarútvegsþjónustan ehf.

Helgubraut 17

200 Kópavogur

GSM 6952269

Netfang: valdimar@sjavarutvegur.is

Vefsíða: www.lagareldi.is